



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald (359. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu sérstaks gjalds til ferðaþjónustuaðila.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald. Hér er um að ræða ný lög sem fela í sér nýjan gjaldstofn innan ferðaþjónustu á Íslandi. Mikil umræða hefur spunnist frá því tillögur um ofangreint frumvarp voru kynntar og hafa aðilar innan ferðaþjónustunnar mótmælt þessum áformum stjórnvalda. Viðskiptaráð Íslands gerir athugasemdir við framlagt frumvarp og tekur um leið undir þá gagnrýni sem hefur komið fram frá hagsmunaaðilum innan ferðaþjónustunnar.

Samkvæmt 1.gr. frumvarpsins er markmið þess að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Einnig að afla tekna til þess að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Markmið laganna er gott og gilt í sjálfu sér og nauðsynlegt að stuðla að uppbyggingu og viðhaldi ferðamannastaða á landinu til að viðhalda þeim grunni sem ferðaþjónustan byggir á. Markmiði laganna er því ekki mótmælt, hins vegar er sú aðferð sem beitt er til að ná fram ofangreindu markmiði gagnrýnd.

Samkvæmt ofangreindu frumvarpi þá renna tekjur af gjaldstofum í ríkissjóð. Ekki er frekar rætt um hvernig tekjurnar skulu nýtast nema með þeirri markmiðslýsingu sem kemur fram í 1.gr. Þessi framsetning verðu að teljast ófullnægjandi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar munu tekjur af gjaldinu útdelast á fjárlögum að þremur fimmtu hlutum til Framkvæmdasjóðs ferðamannasjóðs ferðamannastaða og tvo fimmtu til ráðstöfunar fyrir þjóðgarða og friðlýst svæði. Um þetta er hins vegar ekkert fjallað í frumvarpinu og því ekki um nein skýr fyrirmæli að ræða um hvernig þessu fé verði ráðstafað komi til lagasetningar. Miðað við hversu stór tekjustofn þetta gæti orðið þá er það lágmarkskrafa að nýting hans sé fastmótuð þannig að ekki sé hægt að breyta eftir hentistefnum. Full ástæða er til að bæta ákvæði við frumvarpið sem kveður á um ráðstöfun tekjustofns vegna gjaldsins.

Einnig verður að gera athugasemd við að tveir fimmtu muni renna til þjóðgarða í gegnum ríkissjóð. Með þessu móti er hætt við að fjármunirnir muni í raun staldra við í ríkissjóði og ekki renna þaðan út aftur í raun. Þjóðgarðar og friðlýst svæði eru nú þegar á ríkisframlögum og með því að útdeila því fé sem hér um ræðir er hætt við að þau ríkisframlög sem eru til staðar nú skerðist að marki til samræmis við nýjan gjaldstofn. Með þessu móti er í raun verið að láta nýjan gjaldstofn renna beint í ríkissjóð án þess að hann nýtist sem viðbótarfjármagn til verndunar þjóðgördum og friðlýstu svæði. Koma þarf í veg fyrir að þetta geti átt sér stað og því að skýrt sé tekið á því í lögnum hvernig fé sé varið og að það renni ekki í ríkissjóð heldur beint í þau verkefni sem þeim er ætlað að standa straum af.

Viðskiptaráð leggur til að í frumvarpinu verði kveðið skýrt á um nýtingu tekjustofns vegna farþegagjalds og gistináttagjalds en ekki aðeins að hann renni í ríkissjóð.

Þau gjöld sem eru hér lögð til munu hækka fargjöld og gistikostnað þeirra sem ferðast til og frá landinu og um það. Sú stefna að taka upp gjöld sem þessi eru því í mótsögn við þá stefnu um að fjölga ferðamönnum til Íslands því frekari skattlagning gerir landið dýrara og því ólíklegri kost. Þeir ferðamenn sem hingað til lands koma eru að skila inn gríðarlegum fjármunum til þjóðarbúsins og því spurning sem verður að kasta fram hvort rétt aðferðarfræði sé að skattleggja atvinnugreinina með þessum hætti. Virðisaukaskattur og annar skattur sem lagður er á greinina hefur skilað miklu með auknum fjölda ferðamanna. En svo virðist sem stækka eigi kökuna. er þá ástæða til að óttast að kakan minnki í raun í stað þess að stækka.

Mikill ávinningur er af erlendum ferðamönnum hér á landi. Töluverð fjölgun hefur verið á erlendum ferðamönnum hingað og fylgir þeim töluverð verðmætasköpun. Innan samtaka sem vinna á sviði ferðaþjónustu hefur verið unnið að nýjum markmiðssetningum sem snúa að því að laða til landsins betur stæða ferðmenn og ferðamenn í sértækar ferðir, sem munu eyða meiri fjármunum hér en nú er gert að meðaltali. Slíku átaki gæti fylgt mikill ávinningur fyrir íslensk atvinnulíf og tekjur í ríkissjóð. Með skattlagningu sem þessari er verkefnum sem þessum teft í hættu því umhverfið hér er gert síður aðlaðandi.

Aukin skattlagning á ferðaþjónustu, umfram það sem nú þegar hefur verið gert, mun ekki virka sem hvatning til að setja Ísland ofarlega á lista yfir ferðastaði. Kreppa ríkir víðar en bara hér á landi og getur hækkan á gistingu og ferðum eins og ofangreind lög fela í sér skipt verulegu máli við val á Íslandi sem áfangastað. Eins og áður sagði getur frumvarpið unnið gegn markmiðum, og er mjög líklegt til að gera svo, um að auka hingað ferðamannastraum og tekjur því fylgjandi. Ekki er það jákvæð þróun fyrir íslenskt hagkerfi á þessum tímum.


Viðskiptaráð telur skýrt að frumvarpið vinni gegn markmiðum um tekjuaukningu í ferðamannaiðnaði og ætti því ekki fram að ganga að óbreyttu.

Athugasemd verður að gera við framsetningu frumvarpsins. Gjaldstofnar eru of margir, of margir innheimtuaðilar sem gerir ferlið mjög flókið og mismunandi viðmið eru eftir eðli gistingar eða ferða. Einnig er það gjald sem sett er í lög in of hátt og þer til dæmis að nefna að gjald fyrir gistinótt er sett per manneskju en ekki per einingu, þ.e. herbergi, með þessu móti getur t.a.m. gjald fyrir fimm manna fjölskyldu á ferðalagi hækkað um allt að 500 krónur per nótt utan vsk, sem er veruleg hækkan frá núverandi verði gistinótta. Réttara væri að í þessu tilviki væri miðað við hverja einingu, óháð fjölda aðila. Þetta er aðeins eitt lítið dæmi um þá gjaldhækkun sem frumvarpið getur falið í sér svo ekki sé talað um hversu flókið og óskýrt frumvarpið er þegar kemur að framkvæmd.

Framkvæmd á grundvelli þess er afskaplega flókin og verður illfrankvæmanleg fyrir gjaldskylda aðila. Þegar lög sem þessi eru sett fram, þar sem flækjustig er eins og raun ber vitni, hefur það fælingarmátt og hvetur í raun aðila til að vinna framhjá lögunum og þeim gjaldstofnum sem um ræðir og þá oft með svartri starfsemi. Það væri afskaplega neikvæð þróun, en því miður líkleg ef fram heldur sem horfir.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands